

## Reglur skíðasvæðanna í COVID-19 faraldri

**Leið 3 er í gildi fyrir skíðasvæðin frá og með 10. desember 2020 og gildir til og með 12. janúar 2021, samkvæmt núgildandi reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.**

### Leið 1 : Lokað.

- Faraldur á uppleið og miklar takmarkanir í gangi í þjóðfélaginu.

### Leið 2 : Lokað á lyftur/skíðaganga leyfð. Skálar lokaðir.

- Faraldur á niðurleið eða flöt kúrva. Reglur frá vorinu 2020 í gildi fyrir skíðagöngu.
- Tveggja metra regla um nándarmörk. Hópamyndun ekki leyfð.

### Leið 3 : Skíðalyftur opnar fyrir æfingar ásamt því að leyfa skíðagöngu. Skálar lokaðir.

- Fá smit og flestir í sóttkví sem greinast. Vísbendinar um að faraldur sé á niðurleið.
- Tveggja metra regla um nándarmörk.
- Ef staðbundnar sýkingar verða innan hlutaðeigandi umdæmis kemur til greina að loka skíðasvæðum innan umdæmis í samráði við hlutaðeigandi AST.
- Ákvæði 3. og 4. gr. reglugerðar í núgildandi sóttvarna um fjöldatakmörkun, nálægðarmörkun og grímuskyldu taka ekki til barna sem fædd eru 2005 eða síðar og eru æfingar barna heimilar, sem og starfsemi skíðaskóla fyrir börn.
- Svígskíðaæfingar einstaklinga sem fæddir eru 2004 og fyrr eru heimilar þeim sem hafa gild FIS keppnisleyfi.
- Skíðaganga er leyfð og öllum er heimilt að stunda æfingar utandyra sem krefjast ekki snertingar að því gættu að virt sé 2 metra nálægðartakmörkun og að hámarki 10 manns saman.

### Leið 4 : Lyftur og skíðagöngusvæði opin og tilmælum SVL um sóttvarnir er fylgt.

- Smit í lágmarki og engar staðfestar hópsýkingar. Opið skv. leiðbeiningum, sjá bls. 2.
- Nándarmörk skv. ákörðun HRN. Tryggt að þeir sem eru einir á ferð komist einir í stól og gert kleift að halda nándarmörk á milli ótengdra aðila.
- Ákvæði 3. og 4. gr. reglugerðar í núgildandi sóttvarna um fjöldatakmörkun, nálægðarmörkun og grímuskyldu taka ekki til barna sem fædd eru 2005 eða síðar og eru æfingar barna heimilar, sem og starfsemi skíðaskóla fyrir börn.
- Tveggja metra merkingar um nándarmörk við byrjun raðar í hverri skíðalyftu.
- Nánari tilmæli má sjá á bls. 2 „Opið skv. leiðum 4 og 5“.

### Leið 5: Lyftur og skíðagöngusvæði opin og tilmælum SVL um sóttvarnir er fylgt.

- Nándarmörk svk. ákörðun HRN. Tryggt að þeir sem eru einir á ferð komist einir í stól og gert kleift að halda nándarmörk á milli ótengdra aðila.
- Ákvæði 3. og 4. gr. reglugerðar í núgildandi sóttvarna um fjöldatakmörkun, nálægðarmörkun og grímuskyldu taka ekki til barna sem fædd eru 2005 eða síðar og eru æfingar barna heimilar, sem og starfsemi skíðaskóla fyrir börn.
- Reglur um nándarmörk sýnilegar við byrjun raðar í hverri skíðalyftu.
- Nánari tilmæli má sjá á bls. 2 „Opið skv. leiðum 4 og 5“.

### Leið 6: Skíðasvæðin opin án sérstakra takmarkana en fyllstu varúðar gætt.

## Nánari leiðbeiningar fyrir leið 4 og leið 5.

- Skíðaskólar: Salerni, veitingasala, kortasala**
  - Grímuskylda í skálum almennt. *Viðurkennd veiruheld „buff“ duga einnig.*
  - Leiðbeiningar um hreinlæti á salernum.
  - Handsápa og spritt á salernum.
  - Þrif a.m.k. tvisvar á dag og kvittað fyrir þeim.
  - Veitingasala: Þrif a.m.k. tvisvar á dag og kvittað fyrir þeim.
  - Tilmæli að þeir sem ferðast saman á svæði eða fjölskyldur megi vera saman á borði en ef því er ekki komið við skal höfð 1–2 m regla eftir því sem við á.
  - Við kortasölu eru reglur um nándarmörk skýr og merkt þannig að allir geti fylgt. Grímuskylda ef svo ber undir. Kostur ef kortasala geti farið fram á netinu að mestu.
  - Frekari [leiðbeiningar um veitingasölu má finna hér](#)
  - Lagt til að veitingasala muni eingöngu selja innpakkaðan mat og nesti leyft.
  - Hlaðborð: Sjálfskömmun bönnuð.
- Skíðaleiga**
  - Snertifletir þrifnir á milli viðskiptavina.
  - Allur búnaður sótthreinsaður eftir hverja leigu.
- Lyftur og samskipti við lyftuvörð**
  - Bæði lyftuverðir og viðskiptavinir séu með grímu og passi vel upp á almennt hreinlæti.
  - 1–2 m regla í lyfturöð eftir því sem er í gildi hverju sinni.
  - Snertifletir þrifnir eftir daginn.
- Gönguskiðabrautin og samskipti í braut, t.d. einstefna og halda fjarlægð**
  - Einstefna sé í fjölförnum brautum.
  - Tilmæli um að fólk sé ekki að stoppa og forðist hópamyndun.
  - Mikilvægt að forðast hópamyndun og halda nándarmörk í upphafi og enda brautar.
- Smuraðstaða**
  - Hver og einn sótthreinsar eftir sig ásamt því að vera með grímu.
  - Einn megi vera að vinna við hvern smurbekk og aðrir bíða úti eftir að pláss losni við bekk.
  - Aðstaða þríf með sótthreinsandi efnum eftir daginn.
- Starfsfólk, þjálfarar og foreldrar**
  - Grímuskylda samkvæmt reglugerð heilbrigðisráðuneytis á hverjum tíma.
  - Grunnfræðsla um sóttvarnir og hvernig þeim er háttað í hópi.
- Keppnishald (keppendur og áhorfendur), svig og ganga, fullorðnir og börn og aðrir stórir viðburðir**
  - Samkvæmt reglum HRN og ÍSÍ á hverjum tíma um keppnishald. (T.d. bannað í des. 2020).
- Sóttvarnir þegar slys eða meiðsli verða**
  - Starfsfólk meðvitað um hreinlæti fyrir og eftir snertingu ef hennar er þörf í slysi.
  - Fyllsta hreinlætis gætt í slysum og allur búnaður sótthreinsaður eftir hverja notkun.
  - Fylgja leiðbeiningum um fyrstu hjálp og leiðbeiningum um sóttvarnir.
- Upplýsingamiðlun**
  - Samstillt upplýsingamiðlun fyrir skíðasvæðin mætti í grunninn vera á [covid.is](#) og aðstoð við grunnhönnun á skiltum og upplýsingaflæði tengdum tilmælum á skíðasvæðum.
  - Samstarf við að koma tilmælum á framfæri milli SSÍ, SKI, Almannavarna og SVL.

Desember 2020

Samtök skíðasvæða á Íslandi.